



Námskrá LungA-skólans

Þessi námskrá er ætlað að lýsa og útskýra ýmsa þætti LungA-skólans svo að þau sem taka þátt í skólanum með einhverjum hætti hafi allar upplýsingar á einum stað. Þessi námskrá nær yfir staðnám skólans

Fyrsta námskrá LungA-skólans var gefin út í júlí 2015. Mjög svo endurbætt útgáfa var unnin vorið 2024 og var samþykkt af stjórn skólans í júlí 2024. Þessi nýjasta útgáfa var uppfærð í apríl 2025.

Við erum þakklát öllum þeim sem hafa komið að mótun skólans og námskránnar en hún hefur mótagast í gegnum samtöl, ágreining og hugmyndavinnu margra aðila.

Efnisyfirlit

1.0 Aðstæðurnar	1
1.1. Orðanotkun:	2
1.2. Skilyrði aðstæðnanna	2
1.3. Hver við erum	4
1.4 Reglur, réttindi og ábyrgð	5
2.0 Brautirnar	6
2.1 Námsumhverfi	7
2.2 Morgunsamvera	7
2.3 Námskeið	7
2.4 Praxís / Að Vera vikur	8
2.5 Lestrar- og umræðuhópar	8
2.6 Samtöl	8
2.7 Að skóla saman	8
2.8 Inntaka	9
2.9 Einstaklingsmiðað nám	9
2.10 Trúnaður, friðhelgi og persónuupplýsingar	10
2.11 Nærvera landsins	11
3.0 Öryggi í skólanum	12
3.1 Heilsa og öryggi	12
3.2 Stuðningur við þau sem þurfa - Heildræn nálgun	13
3.3. Öryggis- og stuðningshópur LungA (LSS)	13
3.4. Hjálp utan skólans	14
3.5 Að leysa ágreining	14
3.5.1. Samtöl með millilið	15
3.5.2. Skólafundur	15
3.6 Viðbrögð gegn ofbeldi	15
3.7 Mismunur, áreitni, kynbundin áreitni, áföll eða ofbeldi	16
3.8 Að leita aðstoðar utan skólans	17
3.9 Brottrekstur	18
4.0 Námskrá og innra mat	18

1.0 Aðstæðurnar

Þetta er leiðarvísir fyrir alla þátttakendur skólans, þar með talið nemendur, leiðbeinendur í vinnustofum eða gestakennara, gestalistamenn, starfsfólk og aðra sem taka þátt í starfi skólans. Hann lýsir hugmyndum okkar um hvað það þýðir að vera hluti af aðstæðum og skilyrðum skólans, um heilsu og vellíðan þátttakenda og viðhald skólamenningar sem byggir á gagnkvæmum stuðningi ásamt andstöðu gegn ofbeldi og mismunun.

Ef þú ert að hefja nám í LungA-skólanum, þá er þessi námskrá upphaf samtalsins sem mun eiga sér stað næstu vikur.

LungA-skólinn er í stöðugri breytingu þar sem reglur eru skilgreindar sem tímabundnar og hagnýtar. Ef þetta skjal er stefna, þá ættum við ávallt að leita leiða til að véfengja strangar stefnur og finna okkar eigin leiðir til að vera skóli. Það sem kemur fram hér á eftir er ekki ætlað sem skipanir eða tilraun til að laga það sem er bilað, heldur upphaf samtals um skólagöngu. Við viljum ræða hvernig við erum hér saman, en stærstur hluti starfsins gerist meðan við erum hér, í skólanum.

Þetta skjal getur því breyst reglulega til að ná utan um skólann, og það sem skólinn vill vera hverju sinni.

1.1. Orðanotkun:

Þátttakandi: LungA-skólinn lítur á öll þau sem taka þátt í skólanum sem „þátttakendur“ hvort sem það eru nemendur, gestakennarar, kennarar, gestalistamenn- og rannsakendur eða starfsfólk.

Praxís, eða að vera: Í skjalinu er stundum minnst á „praxís eða „að vera“, vegna mismunandi áherslna í námsbrautunum LIST (praxís eða listiðkun) og LAND (að vera). Þau eru kjarninn í þáttökustýrðu námi og má skilja sem listamann sem vinnur að sínum eigin verkum, hvort sem þau eru einstaklingsbundin eða í samvinnu; og LAND-þátttakanda sem vinnur að einstaklingsbundnum og/eða í samvinnu, tengslum við landið.

1.2. Skilyrði aðstæðnanna

Við teljum mikilvægt að viðurkenna skilyrði skólans. Skilyrði eru kröfur sem einhver gerir til að uppfylla að eitthvað geti orðið.

LungA-skólinn er alþjóðlegur listaskóli og öll kennsla og upplýsingamiðlun fer fram á ensku. Þau sem efast um enskukunnáttu sína eru hjartanlega velkomin til að sækja um (sjá 2.9 Einstaklingsmiðað nám).

Fólk hittist og hlutir gerast. Og öfugt. LungA-skólinn var hugmynd sem kviknaði hjá mörgum aðilum og var óvænt niðurstaða. Við erum skóli í litlum bæ á Austurlandi með húsnæði og tengsl dreifð um bæinn. Bærinn er áhrifamikill hluti af skilyrðum skólans. Þetta er staðurinn, með sínum ófyrirsjáanlegu straumum, þar sem allar ár og lækir mætast áður en þær renna í hafið. Hér erum við. Á Seyðisfirði.

Við erum heimavistarskóli og þátttakendur í LIST og LAND búa með öðrum þátttakendum. LungA-skólinn samanstendur af öllum þeim einstaklingum sem virkja skólann í 12 vikur í senn. Þetta er mikilvægur þáttur í því að vera í skólanum og mynda samfélag á meðan við erum hér. Þetta eru aðstæðurnar sem við erum í. Hér setjum við nærveru okkar.

Skólinn hefur aðstöðu þar sem er hægt að halda námskeið og vinna að verkefnum. Þessi aðstaða er samofin önninni þar sem þátttakendur hýsa gestakennara og gestakennarar halda vinnustofur fyrir þátttakendur. Þessi gagnkvæma gestrisni mótar önnina og verður að jafnvægislist sem ýtir undir forvitni, samveru og virðingarfullt námsumhverfi.

LungA-skólinn viðheldur andrúmslofti þar sem allir sem taka þátt skipta máli og geta haft áhrif á dagskrána. Skólinn styður við frjálst og sjálfspróttið nám allra þátttakenda. Við erum öll hér til að læra, og gerum það saman. Markmið okkar er líka að þátttakendur hafi tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Við kunnum að meta og leggjum áherslu á vináttu, samvinnu, jöfnuð, þróun félagslegs réttlætis og samstöðu og reglurnar sem koma fram í þessu skjali spretta út frá þessum gildum. Skólinn leggur fram ákveðna formgerð en ástundunin og spurningarnar sem koma upp í kjölfarið hafa áhrif á hvernig við sem skóli hreyfum, beygjumst, mótumst og blómstrum.

Fyrir okkur er menntun ævilangt ferli. Við sjáum flest menntakerfi stefna í átt að formlegu námsumhverfi sem byggir á mælanlegum tölum, en við viljum bjóða upp á rými fyrir óformlegt nám og æfingu. Rými fyrir áhugaleit, hugljómun, tilraunir og gagnvirk samtöl þar sem nemendur geta spurt spurninga sem þeir telja áriðandi frekar en spurningar sem þeim er sagt, eða halda að þeir eiga, að spyrja.

Sem listmið

aður skóli, eða aðstæður, þá reynum við að finna nýjar leiðir til að gera, hugsa og vera til, til þess að rækta, hrista upp í, afmynda og umbreyta hugmyndum okkar um fagurferði, nám, skynjun og dómgreind. Sem listaskóli viljum við setja listina í kjarna þeirra spurninga sem móta það hvernig við upplifum heiminn. Þess vegna leggjum við áherslu á að umhverfið taki þátt í ákvarðanatöku innan listræns ferlis, þess vegna leggjum við áhersluna á náttúru og loftlag, kyn og alla líkama, á tækni, hluti og auðlindir og eiginleika og togstreitu þeirra. Þessi viðfangsefni verða efnið sem við

umkringjum okkur með og mótum í verk í gegnum tilraunir, íhugun, samveru og þráláta sköpun.

Hvort sem nemendur hafi bakgrunn í listum eða náttúruíðkun eða vilji halda áfram námi á því sviði skiptir ekki höfuðmáli. Mikilvægara er að þeir hafi áhuga á að vera með í því að skóli verði til og þar með ögra eigin praxís eða veru. Vertu opið fyrir óvæntum tengingum. Sem skóli viljum við styðja og efla menningarlega og listræna þróun og aðstoða við að byggja upp nærandi venjur.

Í stuttu máli viljum við bjóða upp á menntun sem styrkir sjálfsmynd, skilning á heiminum í kringum okkur og hæfni og getu til að vinna á skapandi hátt. Við viljum þátttakendur sem leitast við að skapa eitthvað sem hefur gildi fyrir sig og aðra; eitthvað sem táknar þeirra eigin möguleika og samræmist tilgangi þeirra. Við trúum því að skólinn þurfi að hafa tilgang bæði fyrir einstaklinginn sem og umhverfi hans og samfélagið, því ekki er hægt að aðskilja þetta tvennt, hvorki siðferðislega né á hagnýtan hátt.

Á hverri önn þróa þátttakendur getu sína til að taka þátt í samfélaginu með því að nota listræna eða landbunda sköpun á félagslegan hátt, og í kjölfarið gefst þeim tækifæri til að spyrja, umbreyta og ögra samfélaginu til að gera nýja hugsjón að veruleika.

Við hjá LungA vitum að hver útgáfa af skólanum fær með sér ólíka þátttakendur með mismunandi hæfileika, getu og persónu sem móta nýjar aðstæður og þetta getur því breytt því hver skólinn er og getur verið.

Engin önn er eins og þessi önn.

1.3. Hver við erum

Við erum öll þátttakendur.

Fastir starfsmenn:

Skólastjóri

Verkefnastjóri

Viðhald og fasteignir

Fyrir hverja LIST eða LAND önn:

Tveir brautarstjórar á hvorri braut. Brautarstjórar byggja upp önnina og leiðbeina þátttakendum í gegnum skólagönguna

Allt að 18 nemendur

Tveir starfsnemar

Tveir gestir, gestalistamenn eða rannsakendur

Hópur gestakennara

Kokkur

Nemendaráð

Stjórn skólans:

Fimm fulltrúar (Einn formaður, einn ritari)

Tveir varafulltrúar

Okkur þykir einnig mikilvægt að nefna samfélagið og vini LungA-skólans sem eiga stóran þátt í lífi skólans, ekki síst umhverfið: Brött fjöll með endalausum lækjum sem renna í fjarðardýpið, síbreytilegt veðrið og byggingarnar sem hýsa okkur. Auk þess gegna einstaklingar sem hafa áður tekið þátt í náminu enn mikilvægu hlutverki; sem gervitungl sem ferðast um heiminn, skapa tengingar og sá hugmyndum um skólagönguna.

Hvert nemendaráð er kosið af nemendum hverrar annar og samanstendur af a.m.k. tveimur meðlimum. Hlutverk þess er að styðja við starf skólans, gæta hagsmuna þátttakenda og efla samvinnu milli þátttakenda, skólans og samfélagsins í Seyðisfirði. Við stjórnarfundum er hlutverk nemendaráðs einnig að tilnefna fulltrúa til setu á fundinum. Ráðið hefur aðstöðu og ýmis konar verkfæri til sinna starfa.

Stjórn skólans styður við og hefur eftirlit með stefnu og rekstri skólans og aðstoðar við stærri ákvarðanir. Hún samanstendur af fimm aðalfulltrúum, tveimur til vara og einum fulltrúa nemenda. Hver stjórnarfulltrúi situr í þrjú ár með möguleika á einni endurnýjun, eða alls í sex ár. Skólinn leitar til stjórnar við flókin mál sem krefjast meiri reynslu eða sérþekkingar en starfsmenn hafa yfir að ráða.

1.4 Reglur, réttindi og ábyrgð

Þetta er ítarlegri útgáfa af siðareglum LungA-skólans, sem einnig er að finna á vef skólans undir „Um LungA Skólann”.

Við trúum því að persónuleg farsæld og ánægja náist í gegnum verklega vinnu sem ýtir undir þróun eigin hæfileika og getu - sem aftur hefur áhrif á umhverfið. Það er sameiginlegt verkefni að halda utan um umhirðu skólans, bæði sem hugmynd og framkvæmd og því verður nám og þátttaka í skólanum til með samvinnu og samlífi. Allir þátttakendur leggja sitt af mörkum til félagslegrar sáttar innan skólasamfélagsins og út frá þessu hafa mótask eftirfarandi venjur um gagnkvæma gestrisni, félagslega sátt og hegðun:

- LungA-skólinn ber ábyrgð á strúktúr og valdaskipan sem fylgja hverri stofnun. Við krefjumst þess að í skólanum viðurkenni allir þátttakendur, þar með talið starfsfólk, starfsnemar, leiðbeinendur og gestalistamenn, þau valdaójafnvægi sem geta myndast og að enginn misnoti stöðu sína né forréttindi.
- Í LungA-skólanum notum við nafn, framburð og fornöfn sem einstaklingar sjálfir kjósa. Við gerum ekki ráð fyrir kyni, ásetningi eða smekk fólks.
- Við erum öll hvött til að tileinka okkur fordómalaus afstöðu gagnvart kyni, kynþætti, kynhneigð, húðlit, aldri, fötlun, þjóðerni og trú, og viðurkennum rétt allra þátttakenda til að taka þátt í öllu starfi skólans án mismununar. Þar af leiðandi er áreitni, þar með talin kynferðisleg áreitni, einelti, kynjamisrétti, hómófóbía, transfóbía, fötlunarfóðmar, stéttafordómar, aldurshyggja og útlendingahatur, ekki liðin að nokkru leyti. Ef einstaklingar beita meðvitað slíku ofbeldi eða fjandskap gagnvart öðrum, verða þau að vera undir það búin að vera vikið úr náminu (Sjá 3.9 Brottvísun).
- Við berum öll ábyrgð á að virða réttindi og eignir hvers annars. Við virðum persónulegt rými og gerum ekki ráð fyrir samþykki annarra. Samþykki þarf að vera frjálst og upplýst og getur breyst hvenær sem er. Ef einhver er ekki fær um að gefa samþykki, þá telst samþykki ekki hafa verið veitt. Ef vafi leikur á getu einstaklings til að samþykkja, þá telst samþykki ekki hafa verið veitt.
- Við teljum að allir þátttakendur eigi rétt á sjálfræði yfir persónuupplýsingum sínum og ákvörðunum um hvernig þær eru miðlaðar. Enginn þátttakandi má gera ráð fyrir aðgengi að persónuupplýsingum annars né miðla þeim án skýrs samþykkis. Þetta felur í sér myndatöku eða sýnileika annarra (t.d. birtingu á samfélagsmiðlum) án samþykkis þeirra sem í hlut eiga.
- Við sýnum virðingu og komum inn í náttúruna og samfélag þeirra sem búa á Seyðisfirði af hugulsemi og nærgætni. Við gætum að snyrtimennsku, tínum og flokkum rusl, virðum garðamörk og munum að það sem gæti litið út fyrir að vera rusl gæti verið fjársjóður annars. Við berum ábyrgð á því að koma fram við byggingar, verkfæri, efni og náttúru af virðingu og tillitssemi.
- Við erum hvött til að vera forvitin um okkar eigin praxís eða veru innan skólans og annarra. Við eigum að spyrja spurninga og sýna öðrum okkar eigin praxís eða veru fyrir öðrum þátttakendum svo að samveran geti breytt eða hrist upp í eigin aðferðum og sýn.

- Við eigum að sýna áhuga á morgunsamverum og námskeiðum, og flytja þá reynslu og þekkingu sem þar fæst inn í okkar eigin praxís eða veru.
- Við eigum að vera til staðar. Það þýðir ekki endilega 100% mætingu, því við metum einnig fjarveru og óhefðbundnar leiðir til þátttöku. Hins vegar skiptir nærvera miklu máli í sameiginlegu náms- og samvinnusamfélagi, og skortur á nærveru getur haft neikvæð áhrif á samfélagið. Ef ítrekuð fjarvera veldur truflunum sem ekki næst sátt um í samtölum við viðkomandi, gæti það leitt til þess að viðkomandi verði beðinn um að hætta þátttöku í náminu.
- Við berum ábyrgð á því að viðhalda venjum sem styðja við eigin heilsu. Heilsuþarfir geta vera menningarlega mótaðar og mismunandi á milli einstaklinga. Þátttakendur sem þurfa stuðning við andlega eða líkamlega heilsu ættu að ganga í skugga um, áður en námið hefst, að slíkur stuðningur sé tryggður allan þann tíma sem viðkomandi dvelur í skólanum. Hafa skal samband við öryggis- og stuðningshóp LungA (LSS) eins fljótt og auðið er ef þú hefur áhyggjur af andlegri eða líkamlegri heilsu þinni eða annarra þátttakenda (Sjá 3.0 Öryggi í skólanum).

2.0 Brautirnar

Skólinn er virkjaður nokkrum sinnum á ári með 12 vikna LIST og LAND námslotum.

Annirnar fara fram annað hvort á haustin/vetur eða vetur/vor. Hver önn er skipulögð af brautarstjórum sem móta einstaka dagskrá samþætta námsskránni sem stuðlar að tengingu milli greina; listum, vísindum, vistfræði, hugvísindum, sjálfbærni, samfélagsvísindum og samlífi. Þetta er veitt í því umfangi sem hentar markmiðum og uppbyggingu hverrar annar.

Annirnar samanstanda af blöndu af námskeiðsvikum með gestakennurum og svo Praxis (LIST) eða Að Vera (LAND) þar sem þátttakendur þróa eigin og sameiginlega praxis eða veru í gegn um tilraunir, samtöl og ígrundun. Námskeiðin og vinnuvikur í stúdíói eða við útiveru veita þátttakendum tækifæri til að móta eigin sýn í samhengi við þau samtöl, deilur og tilraunir í samfélaginu í kringum LungA-skólann.

Á hverri önn sköpum við aðstöðu fyrir þátttakendur að þróa:

- tengsl við umhverfið og skilning á að allt sé samsköpun / samvera
- sjálfsvitund, eigið sjálfstæði og áhrifamátt
- hæfni til að sjá heiminn og samfélög frá mismunandi sjónarhornum og móta eigið sjónarhorn
- félagsfærni - hæfni til að skapa merkingarþær sambönd við aðra og taka þátt í samfélagi, smáum og stórum
- skilning á hópþýnamík og hæfni til að vinna í hópi og taka þátt í samstarfi
- tækifæri til að raska, rugla og hrista upp í núverandi starfsháttum

LIST línan stefnir sérstaklega að því að þróa:

- færni innan skapandi og listrænna ferla og þróa persónulega listræna sýn.
- Skapandi getu og þroska í mismunandi listformum, miðlum og leiðum til að tjá sig á skapandi hátt
- Skilning á hlutverki og möguleikum listar í samfélagi og menningu.

LAND línan stefnir sérstaklega að því að þróa:

- færni við ýmsa útivistartækni, vistfræðihugsun og sjálfbærni ásamt persónulegu sambandi við umhverfið
- umhverfis- og vistfræðilega vitund og þekkingu á mismunandi efniviði, formum og leiðum til að tengjast landinu
- skilning á mismunandi félagslegum og menningarlegum sjónarhornum við hlutverk og möguleika lands, vatns, ljóss og loftslags.

2.1 Námsumhverfi

Í LungA-skólanum búa þátttakendur á staðnum meðan á önninni stendur. Líkt og í mörgum lýðskólum er þetta nána samfélag stór hluti upplifunarinnar að vera í skólanum. Sumir félagslegir þættir eru skipulagðir, aðrir eru frítími þátttakenda en allt telst það til námsumhverfisins.

Hugmynd okkar um námsumhverfi nær bæði til veruleg og huglægs rýmis. Verulegt rými er yfirleitt á Seyðisfirði í þeim húsum sem tilheyra skólanum. Kennslustofur, stúdíó og heimavist eru aðgengileg þátttakendum allan sólarhringinn.

Huglægt námsumhverfi byggist á forvitni og þrá til að læra. Það kviknar í gegnum þá sem heimsækja skólann: Listamenn, rannsakendur, gesti og kennara.

2.2 Morgunsamvera

Þátttakendur skiptast á að halda utan um morgunsamveru sem fer fram alla virka morgna. Þátttakendur koma saman og þar er tækifæri til að fara yfir bæði praktísk atriði og tala við allan hópinn.

2.3 Námskeið

Gestakennarar halda námskeið sem er ætlað að örva og ögra því hvernig þátttakendur beita sinni listpraxís eða tengslum við landið. Námskeiðunum er ætlað að efla þekkingu á hvernig sérstakar bendingar eða tjáningarmáti geta tengt saman upplýsingar, rannsóknir og þekkingu við hið óhlutstæða, og nauðsynina til þess.

Eftir því hvernig hver önn er sett upp fá þátttakendur að kynnast fjölbreyttum formum, nálgunum, miðlum eða aðferðum. Þetta gæti falið í sér t.d. kvikmyndagerð, teikningu, innsetningum, skrifum, gjörningum, útivist, hugmyndum og sögum, matvælasöfnun og -vinnslu, vettvangsrannsóknum, sjálfbærni, menningarfræðum og vistfræðihugsun.

Gestakennarar eru allir virkir í eigin sköpun og er boðið að miðla henni inn í skólann. Það þýðir að þátttakendur taka þátt í ákvarðanatöku, áskorunum, dýpri rannsóknum, tilraunum, vonbrigðum og umbreytingum sem eru hluti af hverri sköpunarvinnu.

2.4 Praxís / Að Vera vikur

Praxís (LIST) og Að Vera (LAND) vikur eru tími fyrir þátttakendur til að kafa dýpra í eigin leiðir, hvort sem það er persónulega eða í samstarfi við aðra. Þetta eru vikur þar sem við myndum bandalag við umhverfið eins og t.d. fjöllin, vindinn, matvöruverslunina, samstarfsfólk og tæknina.

Þessar vikur eru einnig tækifæri fyrir hvern einstakling til að opna sína praxís eða veru fyrir samræðum, frásögnum og vangaveltum með hópnum og þar með öðlast ný sjónarhorn á eigin vinnu. Þetta skapar dýpri tengls við eigin praxís/veru og þá stöðu og sýn sem hún getur haft í heiminum.

2.5 Lestrar- og umræðuhópar

Lestrar- og umræðuhópar eru haldnir á ákveðnum tímum á önninni sem og af sjálfu sér þegar skólagangan þróast. Við stefnum að því að skapa sterkan vettvang fyrir jafningjanám þar sem þátttakendur læra hver af öðrum á meðan þau byggja skólann saman.

2.6 Samtöl

Boðið er upp á einstaklingssamtöl fyrir alla þátttakendur á meðan önninni stendur. Þessi samtöl eru hugsuð til að styðja við þróun praxís eða veru þátttakandans, auk þess að vera öruggt rými til að tjá sig um hjartans mál.

Samtölin tryggja að hvert og eitt upplifi örvun í sinni sköpun og að þeim gangi vel í þeirri leið sem þau velja sér.

2.7 Að skóla saman

Fyrir utan formlega dagskrá er stór partur hugmynd okkar um „að skóla saman“. Þetta er gert með því að búa saman; deila hugsunum, tilfinningum og hugmyndum; og finna nýjar leiðir til að takast á við flækjustigið sem fylgir því að deila lífinu með hvort öðru þessar fáu vikur. Að skóla saman þýðir ekki endilega að deila tækniþekkingu. Það þýðir að deila tilraunum og hugmyndum, með hvaða móti sem er.

Það er mikilvægt fyrir okkur að vinna saman að því að veita hugmyndum líf umfram okkur sjálf; að undirstrika að við erum hluti af samfélagslegum aðstæðum. Engin skapar eitt og það sem við sköpum er ekki sjálfstæð uppfinning eða einstakt, heldur samspil aðstæðna sem öðlast gildis með nærveru og einbeitingu.

Hver námsönn er líka stöðug könnun á því hvað námsönn getur verið. Allir þátttakendur taka þátt í að móta, raska og viðhalda þessari samveru - og sjálfri önninni.

2.8 Inntaka

Við reynum að takmarka ekki hverjir geta sótt um, en við vitum að skólinn er ekki laus við skilyrði:

- Skólinn er lífill og þessi stærð gerir okkur kleift að huga að þátttendum bæði sem einstaklingum og í hópi. Við fáum fleiri umsóknir en við höfum pláss fyrir.
- Það kostar peninga að vera hér, annaðhvort beint eða með aðgangi að styrkjum, og við vitum að það mun takmarka hver hafa möguleika á að taka þátt.
- Hugmyndafræðilegur rammi námsins, sem er án einkunna eða prófskírteina, lýðskóli eða listaskóli án ákveðinnar útkomu, getur virst óskiljanlegur innan sumra menntakerfa.
- Landslag og innviðir bæjarins þar sem skólinn er staðsettur geta verið áskorun fyrir ákveðna líkama.
- Starfsfólk og aðrir þátttakendur koma úr ólíkum heimum, löndum og þjóðernum en geta verið hlutdræg, meðvitað eða ómeðvitað.

Þrátt fyrir þessi skilyrði og takmarkanir hefur skólinn raunverulegan metnað til að vinna gegn útilokun og auka þátttöku þvert á hindranir sem kunna að verða á vegi hvers og eins.

Gæði hvernar annar krefst ákveðinnar skuldbindingar og opins hugarfars.

Inntökuferlið samanstendur af tveimur þáttum:

- Skil á umsókn í umsóknarkerfi
- Einstaklingsviðtölum við umsækjendur

Til að tryggja að góða námsupplifun nemenda er inntökuferlið hannað þannig að umsækjendur velta fyrir sér eigin hvötum og markmiðum til að tryggja að námið sé rétta námið fyrir þau.

Við val á hópi leggjum við áherslu á fjölbreytileika í kyni, aldri, bakgrunni, reynslu o.fl. til að skapa lifandi samfélag. Við teljum að fjölbreytni auðgi námið á margvíslegan hátt - í hópvinnu, í sýn á heiminn, í jafningjanámi.

2.9 Einstaklingsmiðað nám

Við erum meðvituð um að allir þátttakendur læra á ólíkan máta, hvort sem um ræðir vegna námsörðugleika, fötlunar eða annað. Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar leiðir og nálganir við nám. Að vera í LungA-skólanum snýst líka um að taka þátt í mótun skólans og við aðlögunum okkur að fjölbreyttum þörfum þátttakenda eins og kostur er.

Ef þátttakendur þurfa sérstakan stuðning vegna fötlunar, sjúkdóma eða annara aðstæðna, þá getum við fundið leiðir til að tryggja aðkomu og fulla þátttöku þeirra.

Skyrnsegin þátttakendur fá stuðning bæði frá starfsfólki og öðrum þátttakendum. Námið er ekki bundið við einkunnir eða ákveðin viðmið og þátttakendur geta unnið á sínum hraða í gegnum önnina.

Skólagangan felur í sér búsetu á heimavist með öðrum þátttakendum. Ef þátttakendur þurfa sérstakar búsetuaðstæður eða þurfa að búa með stuðningaðilum, skal það koma fram við inntöku svo hægt sé að finna lausn.

Ekki allar byggingar skólans eru aðgengilegar hjólastólum. Þau sem hafa áhyggjur af aðgengi skulu hafa samband við okkur við inntöku til að meta mögulegar aðlögunaraðgerðir.

Ef þátttakandi telur sig þurfa sérstakan stuðning getur hann gert sameiginlega aðgengisáætlun með skólanum, annaðhvort áður eða á meðan námi stendur. Hún getur m.a. falið í sér:

- að upplýsa aðra þátttakendur um fötlun
- tillögur um aðlögun námskeiða
- námsgögn í öðru formi
- sérúrræði í námskeiðum, t.d. lengri tími, hvíldartími, sérstakt rými, tölvuaðstoð o.fl

Skólinn leitast við að koma til móts við aðstæður eins og unnt er.

Ef þátttakendur upplifa að þeir nái ekki að halda í við skólann, upplifa sig óhæfa til þátttöku eða ef aðgengisþarfir breytast, er hægt að ræða við brautarstjóra, skólastjóra eða verkefnastjóra.

Ef þátttakandi þarf á auknum stuðningi að halda vegna fötlunar eða persónulegra aðstæðna metur skólinn fyrst aðstæður og hvetur einstaklinginn til að vera í sambandi við þá sérfræðinga sem þeir velja sér eða finna saman lausn sem uppfyllir þarfir einstaklingsins til að geta sótt skólann. Við styðjum við þátttakandan með auknum samtölum og athygli og gerum breytingar ef þörf krefur. Þátttakendum er tilkynnt áður en þau hefja nám að brautarstjórar eru hér til að halda utan um námið og að skólinn og námsbrautir hans séu ekki greiningar- eða meðferðarstofnun. Þátttakendur fá skýr ráð um að þau þurfa að koma á stuðningi við hvers kyns fyrirbyggjandi aðstæður sem gætu haft áhrif á andlega eða líkamlega líðan þeirra.

2.10 Trúnaður, friðhelgi og persónuupplýsingar

Í LungA-skólanum leggjum við ríka áherslu á að þátttakendur hafi sjálfræði yfir eigin persónuupplýsingum. Skólinn og þátttakendur hans eru skuldbundin til að virða trúnað og ekki miðla upplýsingum um þátttakendur til óviðkomandi aðila nema lög krefjist þess eða ef brýna nauðsyn ber til í þágu öryggis og velferðar.

Ef þátttakandi telur nauðsynlegt að koma áhyggjum sínum á framfæri um annan þátttakanda, hvort sem það er við einhvern innan skólans eða utan, skal fyrst rætt við viðkomandi til að fá samþykki þeirra. Þá skal viðkomandi vera upplýstur fyrirfram um hver fái upplýsingar, hvað verður sagt og af hverju er nauðsynlegt er að segja frá.

Í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að fá samþykki (t.d. ef talið er að viðkomandi sé hættulegt sjálft sér eða öðrum), má tilkynna án samþykkis.

LungA-skólinn hefur persónuverndarstefnu sem nær yfir söfnun, geymslu, vinnslu og notkun persónuupplýsinga í samræmi við GDPR. Núverandi útgáfa stefunnar er aðgengileg á heimasíðu skólans undir „Um LungA Skólann“. Öll skjöl og upplýsingar sem varða einstaklinga eru meðhöndluð samkvæmt gildandi íslenskum lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

LungA-skólinn gefur ekki sjálfkrafa út staðfestingu um námsárangur eða prófskírteini, en það er auðveldlega hægt að útvega slíka staðfestingu eftir lok náms.

2.11 Nærvera landsins

(viðbót vegna LAND brautar)

LAND brautin er ný braut og eftirfarandi er viðauki til að móta hana samhliða LIST sem er eldri braut.

Þessi nýja námsleið er að mótast í samvinnu við þátttakendur, umhverfi, samfélagið og samstarfsaðila. Hún er því enn í þróun og mun vaxa með námskránni. Sem hluti af LungA-skólanum fylgir hún sömu grunngildum og nýtur stuðnings af undirstöðum LIST brautar. LAND fer síðan síðan eigin leiðir, finnur sín eigin töl með næmni.

LAND brautin fylgir árstíðunum.

Gestir LAND brautar eru listamenn, hugsuðir, rannsakendur og handverksfólk. Auk hreyfingar um landið og hreyfingar landsins sjálfs, er brautin vettvangur til að tengjast sterkt við landið - hvar sem þú og við erum. Þetta er tilraun til að skapa tilfinningu fyrir tengslum við náttúruna, við landið og okkur sjálf.

Líkt og á LIST brautinni, samanstendur LAND af þátttakendum í samvinnu við samfélagið í Seyðisfirði og menningarlífinu í kring. Brautin mótast verulega af vistkerfi staðarins og staðbundinni þekkingu.

Námið einbeitir sér að tengslum mannsins við náttúruna. Þátttakendum er boðið að lifa í samveru við jarðvegin, grasið, vatnið, veðrið og dýrin í umhverfi sínu. Eitt mikilvægasta viðfangsefni brautarinnar er að huga að loftslagsbreytingum bæði á

staðbundnum og alþjóðlegum skala og bjóða upp á verkfæri til að takast á við slíkar breytingar.

Verkleg og fræðileg námskeið brautarinnar einblína á rannsóknir á náttúrulegum efnum og þekkingu á útivist og lífsháttum, sögum og hugmyndum, söfnun og geymslu matvæla, gönguferðum og útirannsóknnum, sjálfbærni, menningu og vistfræðihugsun.

Aðrar athafnir gætu falið í sér jóga, veiði, skíðaferðir, klifur eða fjallgöngur. LAND brautin hefur verið þróuð m.a. í samstarfi við náttúrurannsóknarsetrið í Skálanesi, Lýðskólann í Brandbjerg, Háskólann í Suðaustur-Noregi, sem og öðrum aðilum.

LAND, líkt og aðrar brautir LungA-skólans, er byggð á virkni þátttakenda og leggur áherslu á nærveru. Hún býður upp á staðbundna þekkingu sem undirstöðu fyrir alþjóðlega, menningarlega og vistfræðilega þátttöku, og gerir okkur kleift að koma með erlenda þekkingu til Íslands og deila íslenskri þekkingu út í heim.

3.0 Öryggi í skólanum

Í gegnum árin höfum við lært ýmislegt af því að reka LungA-skólann. Mikið af þessum lærdóm byggist á sérstökum aðstæðum innan skólans, en margar þeirra eru líka óvenjulegar aðstæður.

3.1 Heilsa og öryggi

Vinsamlegast verið meðvituð um að fjörðurinn og landslagið í kring getur verið breytilegt og hættulegt. Láttu vita ef þú ætlar út fyrir bæinn eða ætlið eitthvert ein. Verið sýnileg þegar þið gangið eða hjólið úti á kvöldin, hvort sem er innabæjar eða utan. Farðu inn á safetravel.is og hlaðið niður SafeTravel appinu: [HÉR](#) - appið hefur upplýsingar um aðstæður hverju sinni og tekur líka niður GPS hnitin þín í neyðartilvikum.

Kynntu þér öryggisreglur áður en þú notar tæki eða rými:

- Þekktu áhættur, varnir og verndarbúnað fyrir öll efni sem þú vinnur með, sérstaklega ef það eru efni sem þú hefur ekki notað áður.
- Notaðu alltaf öryggisbúnað, sérstaklega augnvernd, þegar þess er krafist.
- Notaðu útsog þegar á við.
- Gættu að upptökum elds áður en þú vinnur með eldfim efni. Varastu sull og leka.
- Þekktu staðsetningu og notkun neyðarbúnaðar.
- Þekktu flóttaleiðir, viðbragðsáætlanir og reglur um meðhöndlun úrgangs.
- Haltu vinnusvæði hreinu og skipulögðu.
- Útgangar og gangar skulu alltaf vera hindrunarlausir.
- Gestir í stúdíóum og verkstæðum eru á þína ábyrgð - tryggðu öryggi þeirra.
- Merktu og geymdu spilliefni rétt.
- Hreinsaðu upp allt sull og bleytu, sérstaklega í sameiginlegum rýmum.

Sumar byggingar, t.d. Netagerðin, hafa sérstakar reglur um notkun. Þú færð kynningu á notkunarreglum í upphafi annar. Ef þú ert í vafa, spurðu.

Eldvarnarfulltrúi skólans skoðar reglulega stúdíó og þarf að komast inn í öll rými. Hann virðir eignir og vinnuna þína en þarf að grípa inn í ef öryggi er ógnað.

Þegar unnið er með hættuleg efni eða tæki:

- Forðastu að vinna eitt.
- Geymdu og færðu til efni samkvæmt reglum.
- Ekki skilja ómerkt ílát eftir - merktu með nafni, dagsetningu og viðvörðunum.
- Bindið hár, fjarlægðu skart og fót sem geta flækst í vélum.
- Truflið ekki aðra sem vinna með hættuleg efni eða verkfæri.
- Forðist að anda að ykkur hættulegum efnum og skolið húð tafarlaust við snertingu.

Tilkynnið öll óhöpp og næstumþví óhöpp til aðila í öryggis- og stuðningshóp LungA (LSS). Ef eitthvað kemur upp skal fylla út atvikaskýrslu sem fæst hjá LSS eða á skrifstofunni og skila til starfsmanna - þau geta líka aðstoðað þig.

3.2 Stuðningur við þau sem þurfa - Heildræn nálgun

Við tileinkum okkur heildræna nálgun þegar kemur að andlegri heilsu, velferð og félagslegri sátt allra þátttakenda. Þetta þýðir að allir í skólanum bera ábyrgð á að styðja við hvert annað og skapa traust og stuðningsríkt andrúmsloft.

Við sem þátttakendur tökum sameiginlega ábyrgð á vellíðan hvers annars og búum til ferla innan hópsins um hvernig við getum stutt hvert annað með virkum hætti. Í sameiginlegum rýmum, t.d. í stúdíóum og á heimavist er þessi nálgun lögð fram við upphaf annar og þróast svo með þátttakendum í gegnum alla önnina. Við gerum þetta með því að taka frá tíma til að ræða hvernig við viljum skapa og viðhalda samfélaginu okkar.

Við leggjum áherslu á að efla heilbrigðar andlegar venjur bæði í praxis/veru þátttakenda og í daglegu lífi. Skólinn býður upp á ýmis stuðningsform fyrir þátttakendur:

- Morgunsamverur: Við hvetjum til þess að leggja fram hugsanlegar áskoranir eða átök snemma svo hægt sé að bregðast við þeim á uppbyggilegan hátt og morgunsamkomurnar bjóða upp á leið til að koma málum til alls skólans.
- Húsfundir: Vikulegir húsfundir þar sem þátttakendur ræða praktísk og andleg atriði. Ef þörf krefur er hægt að leita til starfsfólks í framhaldi af húsfundi en húsfundir eru einungis fyrir íbúa á heimavist nema annars sé óskað.
- Einstaklingssamtöl: Einstaklingssamtöl eru leið fyrir þátttakendur til að deila áhyggjum eða erfiðleikum í fullum trúnaði við starfsfólk. Samtölin eru milli tveggja aðila, þátttakenda og annaðhvort brautarstjóra eða skólastjóra og eiga sér stað reglulega á hverri önn.
- Lestrar- og umræðuhópar: Ef það telst hjálplegt á hverjum tíma er boðið upp á lestrar- og umræðuhópa um ákveðin þemu.

Lunga-skólinn tryggir að þátttakendur viti hvaða stuðningur er í boði bæði innan og utan skólatíma og hvernig megi nálgast hann.

3.3. Öryggis- og stuðningshópur LungA (LSS)

Öryggis- og stuðningshópur LungA er skipaður í upphafi hverrar annar. Í honum eru skólastjóri, verkefnastjóri og báðir brautarstjórar. Brautarstjórar gegna mikilvægu hlutverki þar sem þau eru í daglegu sambandi við þátttakendur.

Ef þátttakandi hefur áhyggjur af eigin líkamlegri eða andlegri heilsu eða annarra, má leita til hvers sem er úr hópnum. Upplýsingar um hver eru í LSS og hvernig má nálgast þau eru aðgengilegar á heimavist og fyrir utan skrifstofu í Herðubreið. Skólastjóri og verkefnastjóri eru alltaf í þessum hóp og alltaf hægt að hafa samband við þau ef vafi leikur á. Ef áhyggjurnar koma fram utan skólatíma, um helgar eða í frjálsum tíma er hægt að ná í brautarstjóra, skólastjóra og verkefnastjóra í gegnum Telegram eða í gegnum starfsnema.

LSS aðstoðar þátttakendur við að komast í samband við viðeigandi stuðningskerfi.

Ef einhver glímir við heilsubrest, getur það haft áhrif á allt samfélagið. LSS metur aðstæður í hverju tilfelli og hugar að því hvort viðkomandi þurfi frekari stuðning.

Öll þau sem telja sig hafa orðið fyrir áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi af öðru tagi, eða hafa vitneskju eða rökstuddan grun um slíkt, ættu að tilkynna það til einhvers í LSS við fyrsta tækifæri.

Innan hefðbundins opnunartíma (virka daga frá kl. 08:30 til 16:00) ættu þátttakendur að hafa samband við tiltækt starfsfólk (verkefnastjóra, skólastjóra eða brautarstjóra) en í neyðartilvikum er hægt að hafa samband við starfsfólk hvenær sem er sólarhringsins. Starfsnemar sem búa með þátttakendum eru fyrsti tengiliður utan hefðbundins opnunartíma. Allir þátttakendur geta einnig haft beint samband við meðlimi LSS.

Ef um slys eða annað neyðartilvik er um að ræða skal alltaf hafa samband við 112.

3.4. Hjálp utan skólans

Neyðartilvik: Í hættulegum aðstæðum skal hringja í neyðarlínuna, 112 áður en haft er samband við starfsfólk. 112 er ætlað fyrir slys, eldsvoða, glæpi, barnavernd, leit, björgun og náttúruhamfarir og þau sinna öllu neyðarstarfi. Listi yfir símanúmer vegna annarra slysa og bráðatilvika má nálgast hér: <https://island.is/slys-og-bradatilvik>

- Heilsugæslan á Seyðisfirði, Suðurgata 8, s. 470 3060
- Lyfja apótek, Norðurgata 6.
- Stígamót eru samtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Viðtöl eru fólki að kostnaðarlausu. S. 562-6868; <https://stigamot.is/panta-tima/>
- Sálræn og/eða trúarleg ráðgjöf frá prestinum á Seyðisfirði. Þetta getur verið í tengslum við ástvinamissi, sorg eða almennur stuðningur.
- Hjálparsími Rauða krossins er 1717. Hjálparsíminn veitir virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda, t.d. sökum þunglyndis, kvíða eða sjálfsvígshugsana. Auk þess veitir Hjálparsíminn sálrænan stuðning og ráðgjöf til þeirra sem telja að brotið hafi verið á sér á internetinu.

3.5 Að leysa ágreining

Skólinn leggur áherslu á samtöl, sáttá- og málamiðlanir sem aðferðir til að leysa ágreining og viðhalda öruggu og friðsömu skólasamfélagi. Þetta er gert í gegnum einstaklingssamtöl og/eða hópumræðu. Markmiðið er að minnka skaðann og laga sambönd, frekar en að beita refsingu. Allar aðgerðir til að leysa ágreining leiða að því að efla samræðu og sátt milli aðila, svo þau geti unnið sameiginlega að því að draga úr áhrifum deilunnar.

Þegar upp kemur ágreiningur milli einstaklinga getur hann stundum verið leystur í einrúmi, en það er ekki alltaf nóg. Dæmi um slíkt er ef að það er ójöfnuður milli aðila eða ef samtölin leiða ekki að sáttum.

Ef samtal milli einstaklinga leiðir ekki til sáttar, ættu þátttakendur að íhuga annaðhvort að láta millilið leiða samtölin eða kalla á skólafund:

3.5.1. Samtöl með millilið

Þegar samtöl reynast ekki nægjanleg og ágreiningurinn snýr aðeins að fáum aðilum skulu þau finna hæfan millilið til að leiða samtalið.

Milliliður skal vera einhver sem báðum aðilum líður vel með og eiga að hafa skýrt hlutverk: sáttamiðlun en ekki að vera í dómarsæti, þ.e. að aðstoða aðila við að taka eigin ákvarðanir, frekar en að beita þrýstingi eða taka sér stöðu með öðrum hvorum aðilanum.

Meðlimir LSS geta verið til staðar sem milliliðir en velkomið er að velja aðra einstaklinga innan skólans ef aðilar kjósa það.

3.5.2. Skólafundur

Ef deilan hefur víðtækari áhrif á skólasamfélagið getur verið viðeigandi að kalla á skólafund. Það getur líka verið góður kostur að virkja skólasamfélagið til að takast á við deilur eða átök með það fyrir augum að sameiginleg ábyrgð ýtir undir tilfinningu um samstöðu og aðild. Í slíkum tilfellum skal kalla á skólafund við fyrsta tækifæri.

- Hver sem er getur kallað á skólafund til að ræða ágreining. Ef viðkomandi treystir sér ekki til þess getur einhver annar gert það fyrir þeirra hönd.
- Þátttakendur boða fundinn á viðeigandi hátt svo boðið berist öllum þátttakendum, t.d. í gegnum Telegram eða morgunsamveru.
- Þátttaka á fundinum er valkvæð og þau sem mæta er ráðlagt að styðja við báða/alla aðila og aðstoða við að finna lausnir sem byggja á sameiginlegum gildum og stuðla að samhljómi.
- Fundargerðir eru ritaðar á skólafundum sem eru kallaðir til að leysa ágreining.

3.6 Viðbrögð gegn ofbeldi

Ofbeldisfullt eða ógnandi tungumál og hegðun er ekki liðin í skólanum.

LungA-skólinn vinnur virkt gegn ofbeldi með fyrirbyggjandi aðferðum. Við tökumst á við allar tegundir ofbeldis, áreitni, einelti eða aðrar tegundir mismununar og sýnum næmni gagnvart þeim áskorunum sem þátttakendur upplifa. Skólinn hvetur til hegðunar og viðhorfa sem styðja við virðingu og samvinnu, og gegn ofbeldi.

Þátttakendur fá lista yfir neyðartengiliði við komu. Ofbeldi innan skóla og lítilla samfélaga er sjaldan óvænt eða hvatvís. Þess vegna skulu þátttakendur sem koma auga á óeðlilega hegðun eða atvik tilkynna hana til LSS.

Starfsfólk LungA-skólans getur boðið upp á stuðning við nemendur ef þeir þurfa, þegar þeir þurfa. Flestir þátttakendur, þar á meðal starfsmenn, búa saman og gætu þau séð einstakling eiga erfitt á undan starfsfólki. Ef svo er, þá ættu þau fyrst, ef mögulegt er, að spyrja einstaklinginn hvort að það sé í lagi að deila áhyggjum af þeim og síðan láta einhvern í LSS vita af áhyggjum sínum.

Starfsfólki ætti að vera tilkynnt, eftir því sem við á, um allar viðbótarþarfir sem nemendur gætu þurft á að halda, t.d. vegna geðheilsu eða sorgar.

Við tilkynningu mun LSS meta aðstæður og vinna áhættumat til að ákvarða eðli aðgerða. Ef matið gefur til kynna að nemendur séu í hættu skal skólinn grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir áhættuna eða, ef það er ekki mögulegt, draga úr henni eins og kostur er. Viðbrögð við skynjaðri áhættu skulu ávallt tekin með samþykki og skýrum samskiptum við þá aðila sem málið varðar, með áherslu á að setja einstaklinginn í forgrunn þarfa hans.

Það er engin alhliða viðbrögð við erfiðleikum og því mun öryggis- og stuðningshópurinn stjórna áhættu með því að nota sértækar, vísindamiðaðar lausnir sem byggja á samskiptum, samstarfi og nýtingu utanaðkomandi sérþekkingar.

Ýmsar hegðunar- og líkamlegar breytingar sem gætu bent til erfiðleika: Líkamleg merki um skaða; breyting á matar- og svefnvenjum; aukin félagsleg einangrun; breyting á skapi og virkni; að tala og/eða gríma um sjálfsskaða og/eða sjálfsvíg; fíkniefna- og áfengisneysla; tilfinningar á borð við gagnsleysi, vonleysi og hjálparleysi; leyndardómsfull hegðun; neikvæð hegðunarmynstur, svo sem truflun og óeðlileg hvatvís; þráhyggjuhugsanir, sérstaklega í sambandi við aðra einstaklinga.

3.7 Mismunun, áreitni, kynbundin áreitni, áföll eða ofbeldi

Ef upp koma atvik varðandi ofbeldi, mismunun, áreitni og/eða kynferðislega áreitni þá er hvert atvik einstakt.

Eftirfarandi leiðbeiningar eru hér til að hjálpa þátttakendum að vera undir það búnir að bregðast við ef þeir lenda í slíkri stöðu. Forgangsraðaðu alltaf öryggi sjálfs þíns og annarra:

- Bein samskipti: Segðu skýrt við einstaklinginn að hegðunin sé óvelkomin og að þú viljir að hún hætti. Taktu stjórn á aðstæðum með því að horfast í augu við aðilann og útskýra hvað hann er að gera. Ef um árasargjarna hegðun er að ræða, reyndu að vera rólegt og leitaðu aðstoðar annarra í kringum ykkur þar sem hægt er. Í sumum tilfellum gæti líka verið betra að biðja einhvern sem þú treystir að tala við einstaklinginn fyrir þína hönd.
- Veittu samstöðu: Ef þú ert vitni að hegðun sem þér finnst jafngilda mismunun, áreitni, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi skaltu grípa inn í. Íhlutun gagnast öllum, en gríptu aðeins inn í til að hjálpa öðrum. Ef þú ert ekki viss hvort að hegðunin sé særandi skaltu spyrja hvort að allt sé í lagi.
- Skrásettu: Skrásettu það sem gerðist. Gakktu úr skugga um að þú takir eftir tíma, stað og einstaklingum sem eru viðstaddir, hvað gerðist, af hverjum og þína upplifun. Vistaðu textaskilaboð eða aðrar skrár (ljósmyndir, hljóð- eða myndupptökur) sem tengjast atburðinum. Ef þú ert vitni skaltu aðeins gefa fórnarlambinu þetta efni og ekki dreifa því.
- Tilkynntu: Talaðu við einhvern í skólanum um það sem gerðist og sæktu stuðning. Öll atvik skulu tilkynnt til einhvers í Öryggis- og stuðningshóp lungA (LSS). Hópurinn getur stutt við bakið á þeim sem þurfa og unnið að lausn þar sem allir finna fyrir öryggi og áheyrn.

Það er á ábyrgð skólans að tryggja að þau sem að málinu koma fái tækifæri til að tjá sig og að rætt sé við alla aðila.

Þegar atvik koma upp þar sem einstaklingar beita öðrum vísvitandi ofbeldi eða óvild, verða þeir að vera viðbúnir því að vera vikið úr skólanum (sjá 3.9 Brottrekstur). Þetta er óháð stöðu þátttakenda.

Ef mat á aðstæðum leiðir í ljós rökstuddan grun um að kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað, gegn eða af þátttakendum sem vinna í skólanum (s.s. Starfsfólki, gestum, gestakennurum) fylgir skólinn Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (1009/2014) í samvinnu við öryggis- og stuðningshóp LungA og utanaðkomandi aðila ef þörf krefur.

Ef meintur þolandi brots óskar eftir að kæra málið til lögreglu, hvenær sem er eða síðar, skulu stjórn og starfsfólk skólans aðstoða viðkomandi eftir fremsta megni.

3.8 Að leita aðstoðar utan skólans

Þó að skólinn vilji bregðast við deilum með samfélagsmiðuðum hætti, gerum við okkur grein fyrir því að þetta er ekki alltaf sú lausn sem þau sem verða fyrir alvarlegum brotum eru tilbúin eða getu til að taka þátt í. Þess vegna, óháð framangreindu, getur einstaklingur innan LungA-skólans sem telur sig hafa verið brotið á hvort sem er líkamlega, andlega eða tilfinningalega, eða hefur rökstuddar grunsemdir eða vitneskju um brot gegn öðrum einstaklingi af hálfu þátttakanda og getu ekki leitað stuðnings innan skólans, getur viðkomandi leitað til stjórnarmanns LSS eða formanns stjórnar skólans.

Ef það telst nauðsynlegt, og er samþykkt af viðkomandi aðila, mun formaður ræða málið við stjórn eins fljótt og auðið er. Sjónarmið fórnarlambis og annarra hagsmunaaðila þarf að kynna á skipulegan hátt. Stjórnin safnar nauðsynlegum gögnum, t.d. með því að taka viðtöl við hlutaðeigandi aðila til að varpa ljósi á málið. Öll gögn og störf stjórnarinnar eru trúnaðarmál. Stjórnin skal halda fundargerð.

Frekari meðferð málsins fer eftir óskum viðkomandi einstaklings/aðila. Ef brot er um að ræða sem fellur undir ákvæði opinberra hegningarlaga er fórnarlambinu ráðlagt að vísa málinu til lögreglu. Ákvörðunin er þó alltaf hjá fórnarlambinu og stjórnin styður það í hvaða ákvörðun sem það tekur. Ef málinu er vísað til lögreglu grípur stjórnin ekki til frekari aðgerða.

Skólastjórn og stjórnendur geta, ef samkomulag er við fórnarlambið, leitað sérfræðiaðstoðar utan skólans.

Athugasemdir, áhyggjur og kvartanir er einnig hægt að koma beint til skólastjóra, nafnlaust eða undir nafni, í pósthólf sem er staðsett fyrir utan skrifstofu skólastjóra. Þetta pósthólf er aðgengilegt allan sólarhringinn.

3.9 Brottrekstur

Ef upp koma alvarleg tilfelli þar sem þátttakandi hefur hagað sér á þann hátt að áframhaldandi nærvera hans sé skaðleg verður viðkomandi þátttakandi að búast við og vera tilbúinn að vera vikið úr skólanum.

Brottrekstur eru þegar skólinn, sem samfélag, áskilur sér rétt til að draga til baka ónauðsynlega vinnu og úrræði frá einstaklingum sem hafna eða neita að taka þátt í félagslegri samheldni skólasamfélagsins. Þetta felur í sér þátttöku í skólastarfi, heimavist, aðgang að samfélagsmiðlum, námsgögnum og skólarýmum.

Skuldbinding við brottvikna aðila er takmörkuð en skólinn mun gera allt sem í okkar valdi til að tryggja að þeir séu öruggir. Þetta gæti falið í sér eftirfarandi:

- Veita tímabundna gistingu utan heimavistar í þar til einstaklingurinn getur snúið heim, eða gera aðrar ráðstafanir (ekki lengur en sá tími sem skólinn átti að vera í skólanum).
- Endurgreiða ónýttan matarkostnað.
- Aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari truflun.

Skólinn viðurkennir að aðskilnaður getur verið erfið reynsla fyrir bæði einstaklinginn og þau sem eftir eru í skólanum og mun gera allt sem í hans valdi stendur til að styðja báða aðila eða hópa við einstakar aðstæður.

Ef mismunun, áreitni eða annað ofbeldi lýkur ekki eftir að ofangreindum verklagsreglum hefur verið framfylgt er öllum þeim sem enn verða fyrir áhrifum á einhvern hátt bent á að leggja fram formlega kvörtun til stjórnar skólans.

Ef aðstæður í LungA-skólanum kallar á meira en það sem skólasamfélagið getur boðið upp á, er teymi einstaklinga og sérfræðinga virkjað til að grípa til aðgerða og leysa úr aðstæðum. Þetta teymi býr yfir fjölbreyttri sérþekkingu á sviði félagslegrar hæfni og áfallameðferðar.

4.0 Námskrá og innra mat

Þessi námskrá er endurskoðuð árlega svo hún sé gagnleg og viðeigandi. Hún er einnig endurskoðuð reglulega í kjölfar breytinga á stefnum á landsvísu.

Yfir önnina metur starfsteymið reglulega aðstæður í öllum skólanum og ræðir velgengni og mistök innan núverandi annar og hverju er hægt að breyta ef þörf krefur. Teymið metur einnig vinnuflæði og innra viðmið hvernar annar til að samræma verkefni og skyldur sem hver starfsmaður ber ábyrgð á, hvort þeim hafi verið mætt og tillögur til umbóta. Teymið hittir einnig gestakennara til að fá endurgjöf á skólastarfið á meðan þau voru á staðnum. Þetta hjálpar til við að tryggja áframhaldandi gæðaeftirlit með jafningjamati.

Eftir hverja önn metur starfandi teymi vikunnar tólf út frá innihaldi, framkvæmd, hvað virkaði og hvar getum við bætt okkur. Þetta mat fer fram á aðskyldum fundum með brautarstjórum, fulltrúum nemenda og starfsmenum. Það myndar grunn að ítarlegri og gegnsærri endurskoðun á hverri önn sem er lögð fyrir skólastjórn til skoðunar.

Allir í starfsteymi LungA-skólans taka þátt í starfi með öðrum stofnunum og samtökum á Íslandi og um allan heim. Þessi reynsla er nauðsynleg til að gefa LungA-skólanum lífandi, alþjóðlegt sjónarhorn á skólastarf, listiðkun og náttúruvinnu.

4.1 Fyrri útgáfur

Þessi námskrá er lífandi skjal, síðast uppfært (24/04/2025 (af MRJ og HHG)). Námskráin er skrifuð á ensku og þetta er þýðing af henni. Námskráin er uppfærsla á áður birtum skjölum:

- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2024)
- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2023)
- *LUNGA SCHOOL Policy on promoting mental and physical wellbeing and creating a non-violent and non-discriminatory culture and environment* (2023)
- *LUNGA CODE OF CONDUCT* (2023)
- *LUNGA SCHOOL MANIFESTO / Curriculum* (2016)
- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2015)

Þó að sum þessara skjala séu enn í umferð (sérstaklega Manifestóið), ætti nýjasta útgáfa námskránnar að teljast sem gildandi skjal, frá og með 28.06.2024. Námskráin er alltaf aðgengileg á vefsíðu LungA-skólans.

5.0 Lokaorð

Við teljum að allt fólk hafi meðfædda löngun til að gera tilraunir og læra, og við viljum skapa ramma þar sem þetta getur gerst.

LungA-skólinn er öflug, spennandi reynsla og hún er krefjandi á persónulegu, hagnýtu og vitrænu stigi.

Þetta er ótrúlegur staður gleði, skemmtunar og kærleiks.